

1869.
15. apríl. ungríkisins um málefni þetta, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, og til þess að þér kunngjörði það, að stjórnarráðið hefir að vísu ekki í raun og veru neitt á móti því, að jörðum þessum verði steyppt saman, eins og stungið hefir verið uppá, en samt að eins með því skilyrði, að ríkissjóðurinn missi einkis í af afgangnum, eins og þau hafa verið til þessa. Sökum þessa getur stjórnarráðið ekki fallið á uppástungu yður, herra amtmaður, um að afgangið af jörðunum, þegar búið væri að sameina þær, verði ákveðið til 240 álna, því að þetta afgang verður ekki meira í peningum en 61 rd. 24 sk., þegar alinin er 24½ skild., en afgangið af báðum jörðunum, eins og þau nú eru, samkvæmt umboðsreikningnum fyrir 1867—68, eru í peningum 74 rd. 14 sk.

24. apríl. 37. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í vesturumdæminu, um byssur handa skotmannafélagi í Stykkishólmi.

Með bréfi dagsettu 16. nóvembermán. f. á. hafið þér, herra amtmaður, sent hingað bænarskrá, þar sem þrír menn í Stykkishólmi, sem vilja stofna skotmannafélag þar í verzlunarstaðnum, sækja um, að honum verði gefnar 20 fótgönguliðs-byssur með byssu-stingjum og ýms önnur vopn handa félagi þessu, og hafið þér skotið því til stjórnarráðsins, hvort því virðist tilefni til að útvega verzlunarstaðnum byssur þær, sem beðið er um, til þessa áforms.

Nú er skrifazt hefir verið á við herstjórnarráðið um þetta, hefir það látið dómsmálastjórnina fá 20 gamlar fótgönguliðs-byssur með byssustingjum, og eru þær nú sendar yður, herra amtmaður, í kassa merktum V. A., til þess að skotmannafélag það, sem haft er í hyggju að stofna, fái þær til afnota. Skal því við bætt, að stjórnarráðið hefir leyft, að kostnaðurinn til að kaupa byssurnar o. s. frv. verði borgaður af fé því, sem veitt er til óvissra útgjalda handa Íslandi.